

293. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
- 2) Kirkjuþing 2019
- 3) Ársreikningar 2018 og fjárhagsáætlanir 2020
Lögð fram til kynningar drög að ársreikningi Kristnisjóðs, Skálholts og Tónskóla þjóðkirkjunnar
Lögð fram til kynningar hugmynd að skipulagi fyrir Jöfnunarsjóð sókna
- 4) Fjármál og fasteignir
 - a) Þingeyraklausturskirkja, deiliskipulag, beiðni um umsögn
 - b) Stafholt, deiliskipulag, kostnaðaráætlun
 - c) Árbæjarkirkja, safnaðarheimili, endurskoðuð tillaga
 - d) Borg á Mýrum, ósk um kaup á landspildu
 - e) Fellsmúli, Hvammsvegur, tillaga að bótum
 - f) Hofsós, erindi sóknarprests varðandi kaup á prestbústaðnum
 - g) Saurbær, niðurlagning prestakalls
 - h) Holt í Önundarfirði, prestsetursmál
 - i) Voli, Flóahreppi, leigusamningur um jörð
 - j) Mosfell, Mosfellsdal, erindi Dalsgarðs, gróðrarstöðvar
 - k) Mosfell 2 Mosfellsdal, erindi Directa, lögmannsstofu
 - l) Mosfell, dreifistöð, erindi Veitna
 - m) Reykholtssókn, fjárhagsmálefni, erindi til kirkjuráðs
 - n) Saurbær, erindi Ursulu Árnadóttur og Guðmundar Á. Gunnarssonar
 - o) Valþjófsstaður, efnisnámur, leyfisumsókn
 - p) Árnes, fyrirhuguð friðlýsing, erindi Umhverfisstofnunar
 - q) Breiðabólsstaður, erindi sóknarprests. Áður á dagskrá 278. fundar
 - r) Höfn í Hornafirði, málefni prestseturs
 - s) Skeggjastaðir, ráðstöfun jarðarinnar
 - t) Reykhólar, hugmyndir um byggingu á nýju prestsetri
 - u) Endurskoðun framkvæmdaáætlunar fasteignasviðs
- 5) Málefni Skálholts
 - a) Fundargerðir stjórnar Skálholts nr. 63 og 64
 - b) Skólaráð Skálholtsskóla, fundargerð 11. júní 2019

- 6) Vídalínsverkefni
- 7) Húsnæðismál fjölskylduþjónustu og tónskóla
- 8) Reglur um veittan afslátt af húsaleigu
- 9) Þóknananefnd kirkjunnar
- 10) Önnur mál
 - a) Stóra Laugadalssókn
 - b) Samskiptastjóri Biskupsstofu
 - c) Fjöldi presta og starfsfólks Biskupsstofu
 - d) Samningar við STEF um tónlistarflutning í kirkjum.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir Stefán Magnússon og séra Guðrún Karls Helgudóttir í forföllum séra Örnú Grétarsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum leiddi fundinn, undir dagskrárlið 4g. Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti sat fundinn undir dagskrárliðum 2, 4g og 5. Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlið 2, 4g og 5.

Séra Gísli Jónasson, formaður fjármálahóps kirkjuráðs, sótti fundinn undir dagskrárliðum 3b. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir sat fundinn undir dagskrárlið 3b og 10 a. Hermann Björn Erlingsson verkefnisstjóri sat fundinn undir dagskrárlið 3b.

Anton Birkir Sigfússon frá hugbúnaðarfyrirtækinu Klöppum, kynnti fyrir kirkjuráðsmönnum, utan dagskrár, snjalllausnir í umhverfismálum að viðstöddum nefndarfólki umhverfisnefndar Þjóðkirkjunnar.

Pétur G. Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárlið 10b.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til undirskriftar.

2. KIRKJUÞING 2019

Forseti kirkjuþings reifaði hugmyndir um staðsetningu kirkjuþings 2019. Einnig er líklegt að forseti boði til aukakirkjuþings í lok ágúst.

Rætt um málefni sem lögð verða fram á kirkjuþingi 2019 af kirkjuráði og biskupafundi.

3. ÁRSREIKNINGAR 2018 OG FJÁRHAGSÁÆTLANIR 2020

a) Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri kynntu stöðu fjárhagsáætlana vegna komandi árs 2020. Kynnt voru drög að ársreikningi Kristnisjóðs. Kynnt voru drög að ársreikningi Skálholts. Kynnt voru drög að ársreikningi Tónskólans. Kynnt voru drög að ársreikningi Þjóðkirkjunnar 06 701.

b) Jöfnunarsjóður sókna, fyrirkomulag.

Verkefnastjóri upplýsingatækni kynnti fyrirkomulag og úrvinnslu umsókna í Jöfnunarsjóð sókna.

4.FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Pingeyraklausturskirkja, deiliskipulag, beiðni umsögn.*

Erindi byggingafulltrúans á Blönduósi lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að gera tillögu að umsögn um málið.

b) *Stafholt, deiliskipulag, kostnaðaráætlun.*

Áætlunin lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins.

c) *Árbæjarkirkja, safnaðarheimili, endurskoðuð tillaga.*

Tillagan lögð fram.

Kirkjuráð lýsir ánægju sinni með þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni.

Kirkjuráð hvetur sóknina til að vinna áfram á þessari braut og leggur áherslu á að gerð verði kostnaðaráætlun.

d) *Borg á Mýrum, ósk um kaup á landspildu.*

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að hafna beiðninni.

e) *Fellsmúli, Hvammsvegur, tillaga að bótum.*

Lagt fram erindi frá lögmannsstofunni Lögmennt Höfðabakka varðandi bætur til eiganda vegna vegagerðar.

Kirkjuráð samþykkti að ganga að tilboðinu og að fela framkvæmdastjóra að ganga frá málinu með undirritun viðeigandi skjala.

f) *Hofsós, erindi sóknarprests varðandi kaup á prestbústaðnum.*

Erindið lagt fram. Einnig lagt fram verðmat fasteignasala á eigninni.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera gagntilboð.

g) *Saurbær, niðurlagning prestakalls.*

Biskup Íslands fól vígslubiskupi á Hólum að leiða fundinn sem forseti kirkjuráðs undir þessum dagskrárlið. Jafnframt fól biskup Íslands, vígslubiskupi í Skálholti að sinna málinu sem biskup Íslands í framhaldi af fundinum. Að því loknu vék biskup Íslands af fundi. Málið rætt.

h) *Holt í Önundarfirði, prestsetursmál.*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra. Lagt fram erindi sóknarprests varðandi beiðni um að losna undan haldsbréfi vegna jarðarinnar Holts. Einnig lagt fram erindi Ásvaldar Magnússonar á Flateyri varðandi tilboð til kaupa á byggingu sem reist var sem flugskýli í landi Holts.

Kirkjuráð samþykkti að verða við erindi sóknarprestsins og leysa hann undan haldsbréfi sínu. Kirkjuráð samþykkti einnig að fela framkvæmdastjóra að annast um að úttekt verði framkvæmd á jörðinni Holti.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla nánari upplýsinga um flugskýlið.

i) Voli, Flóahreppi, leigusamningur um jörð.

Lögð fram drög að leigusamningi.

Kirkjuráð gerði athugasemdir við drögin og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kynna þær tillögur viðsejenda.

j) Mosfell, Mosfellsdal, erindi Dalsgarðs, gróðrarstöðvar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skoða málið betur.

k) Mosfell 2 Mosfellsdal, erindi Directa, lögmannsstofu.

Kirkjuráð ályktar að eðlilegt sé að fella Mosfell 2 úr fasteignaskrá þar eð það landnúmer fellur innan jarðarinnar Mosfells.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra framkvæmd málsins.

l) Mosfell, dreifistöð, erindi Veitna.

Lögð fram drög að samkomulagi vegna lagningar jarðstrengja og rekstur smádreifistöðvar í landi Mosfells 2.

Kirkjuráð samþykkti að verða við erindi Veitna og að fela framkvæmdastjóra að undirrita samkomulagið.

m) Reykholtssókn, fjárhagsmálefni, erindi til kirkjuráðs.

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að gera tillögu til kirkjuráðs um afgreiðslu þess.

n) Saurbær, erindi Ursulu Árnadóttur og Guðmundar Á. Gunnarssonar.

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð þakkar erindið en vegna stöðu mála í Saurbæ er ekki hægt að taka afstöðu til þess.

o) Valþjófsstaður, efnisnámur, leyfisumsókn.

Lagt fram erindi verktakafyrirtækisins THSVERK varðandi efnistöku úr námum í landi Valþjófsstaðar.

Kirkjuráð ályktar að fela fjármálahópi að gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu þess.

p) Árnes, fyrirhuguð friðlýsing, erindi Umhverfisstofnunar.

Erindið lagt fram til kynningar.

q) Breiðabólstaður, erindi sóknarprest. Áður á dagskrá 278. kirkjuráðsfundar.

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við sóknarprest.

r) Höfn í Hornafirði, málefni prestseturs.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra.

Kirkjuráð leggur til að leitað verði heimildar kirkjupings til að selja prestbústaðinn.

s) Skeggjastaðir, ráðstöfun jarðarinnar.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra.

Kirkjuráð leggur til að leitað verði heimildar kirkjupings til að selja jörðina.

Kirkjuráð ályktar að jörðin verði leigð fráfarandi ábúanda þar til heimild fæst til að selja hana.

t) *Reykholar, hugmyndir um byggingu á nýju prestsetri.*

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að byggingu á nýju prestssetri á Reykhólum.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla frekari upplýsingar um þá tillögu sem lögð var fram til kynningar.

u) *Endurskoðun framkvæmdaáætlunar fasteignasviðs.*

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar endurskoðaða framkvæmdaáætlun fasteignasviðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu áætlunarinnar á næsta fundi kirkjuráðs.

5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Fundargerðir stjórnar Skálholts nr. 63 og 64.*

Fundargerðirnar lagðar fram.

b) *Skólaráð Skálholtsskóla, fundargerð 11. júní 2019.*

Fundargerðin lögð fram.

6. VÍDALÍNSVERKEFNI

Lagðir fram minnispunktar af fundi hinn 8. júlí s.l.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

7. HÚSNÆÐISMÁL FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTU OG TÓNSKÓLA

Lagt fram minnisblað forseta kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði kirkjumálasjóðs að gera kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði þjónustumiðstöðvar Biskupsstofu í Háteigskirkju, svo það henti starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

8. REGLUR UM VEITTAN AFSLÁTT AF HÚSALEIGU

Lögð fram drög að reglum um veittan afslátt af húsaleigu presta sem búa í prestsetrum.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins.

Kirkjuráð samþykkti jafnframt að fela framkvæmdastjóra að afla lagahópnum nauðsynlegar upplýsingar um málið.

9. ÞÓKNANANEFND KIRKJURNAR

Lögð fram fundargerð þóknananeftdar kirkjunnar dags. 23. maí 2019. Einnig lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra. Málið rætt.

- Kirkjuráð samþykkti að uppfæra fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs m.t.t. tillagna þóknananeftdar.
- Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við þóknananeftnd að hún rökstyðji ákvarðanir sínar um þóknanir nefnda kirkjunnar.

10. ÖNNUR MÁL

a) Stóra Laugadalssókn

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, lagði fram minnispunkta dagsetta í dag 14. ágúst 2019, vegna fjárhagsstöðu sóknarinnar.

- Kirkjuráð samþykkti að ráðstafa fé úr Jöfnunarsjóð sókna, 7,9 m.kr. til uppgreiðslu á láni Stóru Laugadalssóknar, skv. því minnisblaði sem lagt var fram.

b) Samskiptastjóri Biskupsstofu

Pétur G. Markan nýráðinn samskiptastjóri Biskupsstofu var kynntur til starfa.

c) Fjöldi presta og starfsfólks Biskupsstofu

Kirkjuráðsmaður óskaði eftir upplýsingum um fjölda presta og starfsfólks Biskupsstofu sem þiggja laun á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins.

Upplýsingarnar munu liggja fyrir á næsta fundi kirkjuráðs.

d) Samningar við STEF um tónlistarflutning í kirkjum.

Lögð fram drög að samningi. Kirkjuráð ályktar að fela fjármálahópi að gera tillögu að afgreiðslu á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:55. Næsti fundur er áætlaður 25. september 2019.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Axel Árnason Njarðvík

Séra Guðrún Karls Helgudóttir

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir